

Rangárþing ytra  
Haraldur Birgir Haraldsson  
Laufskálar 2  
850 HELLA

Garðabær, 28. maí 2024  
Málsnúmer: 202405-0004  
LA/OKV

### Efni: Umsögn um framkvæmdarleyfi vegna endurnýjun á göngupalli í Landmannalaugum

Vísað er í tölvubréf frá Rangárþingi ytra sem barst gegnum Skipulagsgátt þann 3. maí 2024, þar sem óskað er eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands um framkvæmdarleyfi vegna endurnýjun á göngupalli í Landmannalaugum.

Umhverfisstofnun sækir um framkvæmdarleyfi til sveitarfélagsins um endurnýjun á göngupalli frá skála Ferðafélags Íslands að náttúruleg, heildarlengd er um 180 m. Núverandi göngupallur er illa farinn og til stendur að endurnýja hann í sömu legu en breikka hann í tvo metra. Pallurinn er festur með jarðskrúfum og er miðað að því að valda sem minnstu raski. Framkvæmdin er í samræmi við gildandi deiliskipulag.

Göngupallurinn liggur yfir viðkvæmt votlendissvæði í Landmannalaugum og fer að hluta yfir mýrahveravist sem er vistgerð með hátt verndargildi. Vitað er að hitakærar æðplöntutegundir, eins og blákolla og laugasef, finnast við göngupallinn en óvíst er hvort sjaldgæfar tegundir vaxi við jarðhita í nálægð göngupallsins.

Það er mat Náttúrufræðistofnunar að mikilvægt sé að viðhalda göngupallinum til að hlífa votlendinu fyrir ágangi ferðafólks. Hins vegar setur Náttúrufræðistofnun spurningu við hvort þörf sé á að breikka göngupallinn um allt að helming, þ.e. í tvo metra, þar sem gróðurfar sem lendir undir pallinum verður fyrir neikvæðum áhrifum. Umhverfisstofnun er mjög meðvituð um að valda sem minnstu raski á náttúruinjunum við fyrirhugaða framkvæmd og því mætti endurmeta þörfina á breiðari göngupalli með tilliti til gróðurfars votlendisins.

Náttúrufræðistofnun Ísland gerir ekki athugasemdir við endurnýjun á göngupalli frá skála Ferðafélagsins að laugunum, fyrir utan neikvæð áhrif á gróður vegna breikkun hans.

Virðingarfyllst,

Lovísa Ásbjörnsdóttir

Lovísa Ásbjörnsdóttir  
Jarðfræðingur, Náttúruverndarsvið

